



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Föstudaginn 24. apríl 2020 var fundur haldinn í Sveitarstjórn sveitarfélagsins Skagastrandar kl 13:00 á annarri hæð að Túnbraut 1-3.

Á fundinn voru mætt: Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Guðmundur Egill Erlendsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Kristín B. Leifsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri. Níels Guðmundsson endurskoðandi hjá Enor sat fundinn undir 1. lið dagskrár.

Halldór G. Ólafsson oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

#### 1. Ársreikningur 2019

Fyrir fundinum lá ársreikningur 2019 til fyrri umræðu. Níels Guðmundsson endurskoðandi kynnti endurskoðun á ársreikningi bæði í A-hluta og samstæðu sveitarfélagsins og fór yfir helstu niðurstöður og lykiltölur. Hann kynnti einnig samanburð á fjárhagsáætlun ársins.

Ársreikningi var vísað til annarrar umræðu.

#### 2. Breyting á Samþykktum um stjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar frá 1. apríl 2014

Fyrir fundinum lá breytingartillaga á *Samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Skagastrandar frá 1. apríl 2014* til annarrar umræðu. Breytingartillagan var áður tekin fyrir á fundi sveitarstjórnar þann 18. febrúar 2020. Lagt er til að svohljóðandi ákvæði í 53. gr. samþykktu verði fellt út: „Sveitarstjórn kýs að afloknum kosningum tvo skoðunarmenn sem starfa í samráði við endurskoðanda sveitarfélagsins.“

Sveitarstjórn samþykkti breytingartillöguna með 5 samhljóða atkvæðum og fól sveitarstjóra að senda hana til staðfestingar hjá ráðherra.



### 3. Auglýsing um takmörkun á samkomum vegna farsóttar nr. 360/2020

Með Auglýsingu um takmörkun á samkomum vegna farsóttar nr. 360/2020 eru boðaðar breytingar á gildandi samkomubanni sem taka gildi þann 4. maí 2020 kl. 00.00 og gildir til 1. júní 2020 kl. 23:59.

Helstu áhrif þeirra breytinga sem koma fram í auglýsingu eru eftirfarandi fyrir sveitarfélagið:

- a. Fjöldasamkomur verða takmarkaðar við 50 manns.
- b. 2 metra nálægðartakmörk gilda enn fyrir þá sem ekki deila heimili.
- c. Heimilt verður að sinna heilbrigðisþjónustu svo sem læknisskoðunum og sjúkraþjálfun.
- d. Heimilt verður að opna hárgreiðslu- og snyrtistofur.
- e. Heimilt verður að sinna öku kennslu svo framarlega sem viðkomandi séu ekki með einkenni COVID-19
- f. Sundlaugar og húsnæði líkamsræktarstöðva skulu vera lokað almenningi en þó má hafa opið fyrir skólasund og skipulagt íþróttastarfs skv. nánari reglum þar um.
- g. Heimilt verður að opna bókasafn.
- h. Skólahald verður óskert. Ekki verða takmarkanir á því hversu margir nemendur geta verið saman komnir. Frístund og mótnueytí verða einnig rekin óskert.

### 4. Ferðaþjónusta á Skagaströnd

- a. Fyrir fundinum lá minnisblað sveitarstjóra vegna hugmynda um hönnun og byggingu heitra lauga og sjóbaða á Skagaströnd við Hólanes. Þá lá fyrir kostnaðaráætlun vegna forgreiningar og gerð húsrýmisáætlunar vegna verkefnisins. Áætlaður kostnaður við þá vinnu nemur 5.6 milljónum. Sveitarstjórn ræddi verkefnið og samþykkti að fela sveitarstjóra að útbúa viðauka við fjárhagsáætlun sem lagður verði fyrir næsta fund sveitarstjórnar til samþykktar.





b. Þá lá fyrir fundinum erindi Markaðsstofu Norðurlands þar sem komið er á framfæri hugmynd um átak í merkingu gönguleiða á Norðurlandi. Átakið hefur tvíþættan tilgang, annars vegar að styrkja innviði ferðaþjónustu á Norðurlandi og hins vegar að vekja athygli á þeim fjölda gönguleiða sem eru í boði á svæðinu. Tók sveitarstjórn vel í verkefnið og fól sveitarstjóra að skoða umfang verkefnis fyrir sveitarfélagið og vinna í samvinnu við Markaðsstofu Norðurlands.

## 5. Aðgerðir Sveitarfélagsins Skagastrandar vegna Covid19 faraldursins

Fyrir fundinum lá minnisblað sveitarstjóra varðandi mögulegar aðgerðir sem sveitarfélagið getur ráðist í til þess að bregðast við Covid19 faraldrinum. Fram kom að ríkisstjórnin hafi ákveðið að verja 2.200 m.kr til sérstaks átaks til að fylgja tímabundnum störfum fyrir námsmenn 18 ára og eldri á komandi sumri. Þá kom fram að hluti af átaki ríkisstjórnar feli í sér að sveitarfélög eigi rétt á endurgreiðslu VSK af kostnaði af vinnuliðum við nýbyggingu, endurbætur og viðhald húsnæðis. Var minnisblað sveitarstjóra rætt af sveitarstjórn og var sveitarstjóra falið að útfæra þær tillögur sem fram koma í minnisblaði.

## 6. Samningur um nýtingu æðarvarps

Fyrir fundinum lágu drög að samningi um nýtingu æðarvarps á landi í eigu sveitarfélagsins til eins árs. Ræddi sveitarstjórn samninginn og fól sveitarstjóra að undirrita hann.

## 7. Umsóknir um skólamáltíðir og leigu á Fellsborg

Þann 3. mars sl. auglýsti sveitarfélagið Félagsheimilið Fellsborg, Tjaldstæðið Höfðahólmum og Bjarmanes til leigu ásamt því að auglýsa eftir aðilum til þess að sjá um skólamötuneyti Höfðaskóla.

Fyrir fundinum lágu tvær umsóknir vegna skólamötuneytist Höfðaskóla og ein vegna leigu á Félagsheimilinu Fellsborg. Ekki bárust umsóknir vegna Bjarmaness og Tjaldsvæðis.

Ræddi sveitarstjórn fram komnar umsóknir og fól sveitarstjóra að boða umsækjendur til fundar með sveitarstjórn.



## 8. Bréf

### a. Landssambands eldri borgara dags. 25.03.2020

Fyrir fundinum lá ályktun Landsambands eldri borgara þar sem LEB skorar m.a. á sveitarfélög að taka upp gjaldfrjálsar heimsendingar til allra eldri borgara sem þurfa að fá sendingar heim til sín. Þá skorar LEB á sveitarfélög að lækka fasteignagjöld. Sveitarfélagið hefur í samvinnu við félags- og skólaþjónustu A-Hún og Rauða krossinn sinnt gjaldfrjálsri heimsendingu á mat og nauðsynjavöru til þeirra eldri borgara sem þess hafa þurft og óskað í tengslum við Covid19. Sveitarfélagið hefur ekki lækkað fasteignagjöld en komið til móts við alla sem þess hafa óskað varðandi frestun á greiðslu fasteignagjalda. Að öðru leyti var erindið til kynningar.

### b. Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 30.03.2020

Fyrir fundinum lá erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem stjórn sambandsins lýsir yfir ánaegju með að þær aðgerðir sem sambandið hefur lagt fram í tengslum við þann samdrátt sem blasir við þjóðarbúskapnum hafi nýst sveitarfélögum í sínu starfi. Þá hvetur stjórn sveitarfélög til þess að móta frekari humgyndir sem nýtast atvinnulífinu og íbúum á erfiðum tínum. Erindið var til kynningar.

### c. Jón Ólafs Sigurjónssonar dags. 05.04.2020

Fyrir fundinum lá erindi Jóns Ólafs Sigurjónssonar þar sem óskað er eftir styrk að upphæð 550.000 kr. frá sveitarfélagini vegna stofnunar og uppbyggingar útfararþjónustu á Norðurlandi vestra. Engin útfararþjónusta er starfrækt á svæðinu. Í erindinu kemur einnig fram að fyrirhugað sé að setja uppstarfsstöð vegna þjónustunnar á Skagaströnd. Sveitarstjórn ræddi erindið og samþykkti að veita styrk til verkefnisins að upphæð 550.000 kr. sem færist af fjárhagsáætlunarlið um atvinnumál 1302-9991.

### d. Lánasjóðs sveitarfélaga dags. 07.04.2020

Fyrir fundinum lá erindi Lánasjóðs Sveitarfélaga þar sem m.a. kemur fram að aðalfundi Lánsjóðsins 2020 verði frestað um óákveðinn tíma þar til



*Sveitarstjórn Skagastrandar  
Fundargerðir*

samkomubanni verður aflétt. Þá kemur einnig fram tillaga stjórnar um að engar arðgreiðslur verði greiddar til hluthafa vegna afkomu 2019 til þess að styrkja stöðu sjóðsins og tryggja vöxt eigin fjár á erfiðum tínum. Sveitarstjórn vísar fram kominni breytingu til viðauka við fjárhagsáætlun.

**e. Rólóvinafélags Skagastrandar dags. 08.04.2020**

Fyrir fundinum lá erindi Rólóvinafélags Skagastrandar þar sem óskað er eftir styrk að upphæð 150.000 kr. vegna uppsetningar á leiktækjum sem félagið hefur fjárfest í. Ræddi sveitarstjórn erindið og samþykkti að verða við beiðninni og veita styrk að upphæð 150.000 kr. sem færist af fjárhagsáætlunarlið um opin svæði 1141-4999.

**f. Landssambands smábátaeigenda og**

**Skalla félags smábátaeigenda á Norðurlandi vestra dags. 17.04.2020**

Fyrir fundinum lá erindi LSS og Skalla þar sem óskað er eftir stuðningi frá sveitarfélaginu við erindi til ráðherra í tengslum við tímabunda breytingu á reglum um strandveiðar í ljósi Covid-19.

Í tilefni af erindi Landssambands smábátaeigenda, beinir sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar þeim tilmælum til háttvirts sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að skapað verði svigrúm, á grunni laga um stjórn fiskveiða og reglugerða sem fjalla um strandveiði, til að bregðast við aðstæðum sem geta skapast ef áhrif af Covid-19 munu gera strandveiðibátum erfitt um vik að nýta auðlindina á venjubundnu veiðitímabili.

**9. Fundargerðir**

**a. Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 27. mars 2020**

Fundargerð var til kynningar

**b. Þjónusturáðs – þjónustu við fatlað fólk á Norðurlandi vestra dags. 6. apríl 2020**

Fundargerð var til kynningar



Sveitarstjórn Skagastrandar  
Fundargerðir

c. Stjórnar SSNV dags. 7. apríl 2020  
Fundargerð var til kynningar.

## 10. Önnur mál

Ekki voru fleiri mál tekin fyrir undir þessum lið og var fundi slitið kl 14:55.

*Halldór G. Ólafsson*  
Halldór G. Ólafsson

*Róbert Kristjánsson*  
Róbert Kristjánsson

*Kristín Björk Leifsdóttir*  
Kristín Björk Leifsdóttir

*Péturina L. Jakobsdóttir*  
Péturína L. Jakobsdóttir

*Guðmundur Egill Erlendsson*

*Alexandra Jóhannesdóttir*  
Alexandra Jóhannesdóttir